

VS Upplýsingatæknimennt 9.bekkur

Kennarar: Sara Gísladóttir

9

Lýsing

Kennsla í upplýsinga- og tæknimennt

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Nemendur vinna að stærri, samþættum verkefnum þar sem þeir þurfa að beita þekkingu á fjölbreyttum tæknilausnum, forritun, miðlun og gagnrýnni upplýsingaleit. Áhersla er á skapandi vinnu, samvinnu og lausnamiðaðar aðferðir. Kennslan byggir á stuttum leiðsögn og verklegri vinnu með sjálfstæði nemenda í fyrirrúmi.

Námsaðlögun

Nemendur fá tækifæri til að velja verkefni eða nálgun sem hentar best þeirra styrkleikum og áhuga. Þeir sem þurfa meiri stuðning fá skýrar leiðbeiningar, áfanga- og verkþætti, en nemendur sem sækjast eftir meiri áskorunum fá að vinna með flóknari verkefni og eigin hugmyndir.

Námsmat

Matið byggir á leiðsagnarmati, þar sem lögð er áhersla á ferlið og frammistöðu í verkefnum. Endurgjöf er bæði einstaklingsbundin og hópmiðuð. Nemendur fá tækifæri til að meta eigið starf og annarra, og matið tekur mið af ábyrgri nethegðun, gagnrýnni hugsun og nýsköpun.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 9. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 9. bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.
- Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.
- Unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.
- Beitt réttri fingrasetningu.
- Unnið á skapandi og gagnrýnninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 9. bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.
- Unnið með heimildir, virt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum.
- Nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.
- Beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.
- Nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 9. bekk - Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna.
- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.
- Nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 9. bekk - Sköpun og miðlun

- Útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu.
- Nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.

VS Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 9. bekk - Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu.
- Nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.